

39

21. apríl

## AUGLÝSING

um staðfestingu á reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breytingu á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar.

Reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breytingu á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar, nr. 209 18. nóv. 1947, staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingabætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að gilda áfram til 1. júní 1955, og birtist þetta til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

40

23. apríl

## REGLUGERÐ

um greiðslu ágóðahluta hjá Brunabótafélagi Íslands.

## 1. gr.

Þegar varasjóður Brunabótafélags Íslands er orðinn svo hár, að öruggt þyki um fjárhagsafkomu félagsins, og þá kemur í ljós við lok reikningsárs, að brunatjón hafa ekki farið fram úr 80% af iðgjöldum á því ári, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildum og/eða félagsmönnum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum. Á sama hátt má og ákveða um greiðslu ágóðahluta til þeirra, sem tryggja hjá félaginu lausafjármuni.

## 2. gr.

Ákvörðun um greiðslu ágóðahluta hvert sinn er þó því skilyrði háð, að Brunabótafélagi Íslands geti safnað aukið fé í varasjóð eftir því, sem váttryggingarverðmætin vaxa.

Ágóðahluti skal vera ákveðinn hundraðshluti af iðgjaldatekjum á greiðsluárinu. Ekki skal þó greiða hærri ágóðahluta hverju sinni en sem nemur 60% af hreinum tekjuafgangi næsta reikningsárs á undan. Og eigi skal heldur að jafnaði úthluta arði ef 60% af hreinum tekjuafgangi nemur lægri upphæð en sem svarar 5% af heildariðgjöldum á greiðsluárinu.

## 3. gr.

Hafi Brunabótafélag Íslands gert sérsamning við tiltekinn kaupstað, um lækkun fasteignaiðgjalda þar á staðnum, í sambandi við auknar og endurbættar brunavarnir í kaupstaðnum, þá er félaginu rétt að greiða bæjarfélaginu sjálfu — félagsdeildinni — ákveðinn, tiltekinn ágóðahluta af árlegum tekjuafgangi fasteignatrygginganna þar á staðnum, og fer um ákvörðun á greiðslu og upphæð ágóðahlutans eftir þeim almennu ákvæðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

## 4. gr.

Ágóðahluti til annarra en þeirra, sem um ræðir í 3. gr., skal að jafnaði greiðast til váttryggðra sjálfra, á þann veg, að ákvarðaður ágóðahluti greiðist sem lækkun (frádráttur) á iðgjöldum næsta árs á eftir.